

**Ed.**

**358. Frumvarp til laga**

[201. mál]

um breyting á lögum nr. 47 frá 2. maí 1968, um vörumerki.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Í stað orðanna „skotið til ráðherra“ í 3. mgr. 19. gr. laganna komi orðin: skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

2. gr.

Í stað orðanna „skotið til ráðherra“ í 4. mgr. 21. gr. laganna komi orðin: skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

3. gr.

- a) Í stað orðanna „getur aðili borið undir ráðherra þann sem fer með vörumerkjamál“ í 44. gr. laganna komi orðin: getur tilkynnandi borið undir áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

- b) Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. setningu 44. gr. laganna komi orðin: áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.
- c) Í stað orðanna „eða ráðherra tók ákvörðun sína“ í niðurlagi 44. gr. laganna komi orðin: eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum tók ákvörðun sína.

4. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Nefnd þriggja manna, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum er ráðherra skipar, skal úrskurða í ágreiningsmálum, samkvæmt 19. og 21. gr. sbr. 44. gr. 1. mgr. laga þessara. Iðnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar til þriggja ára í senn og skal hann vera lögfræðingur. Aðra nefndarmenn skipar iðnaðarráðherra til að úrskurða í einstökum ágreiningsmálum. Áfrýjunarnefndin ákveður málsmeðferðarreglur í hverju einstöku máli með hliðsjón af meginreglum einkamálaréttarfarsins. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Aðilar máls skulu greiða gjald vegna áfrýjunar sem ákvarðast í reglugerð um gjald fyrir vörumerki o. fl.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður heimild til að áfrýja til iðnaðarráðherra ágreiningsmálum er varða skráningu vörumerkja. Þess í stað verði lögfest málsmeðferð með skipun sérstakrar áfrýjunarnefndar til að úrskurða í málum sem þessum. Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á einkaleyfalögum um sama efni. Lagt er til að ein nefnd úrskurði í ágreiningsmálum í báðum þessum málaflokkum og að heiti nefndarinnar verði í samræmi við það, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

Lagt er til að nefndin verði skipuð þremur mönnum: Formanni skipuðum til þriggja ára í senn sem vegna eðlis nefndarinnar þykir rétt að verði lögfræðingur. Aðrir nefndarmenn yrðu skipaðir til starfa í nefndinni til að úrskurða í einstökum málum. Rétt þykir að hafa vissan sveigjanleika í vali annarra nefndarmanna en formanns þannig að skipa megi sérfróða menn eftir eðli ágreinings hverju sinni og gætu þar eftir atvikum komið til greina menn með sérþekkingu á sviði málfræði, viðskipta, tækni eða lögfræði.

Forsaga þessara ákvæða um kærheimild til ráðherra er sú, að þegar lög um vörumerki voru samin árið 1968 voru dönsk lög um sama efni höfð mjög til hliðsjónar. Í Danmörku er skrifstofa vörumerkjaskrárritara sjálfstæð stofnun og ekki hluti af ákveðnu ráðuneyti. Í dönsku lögunum er heimild til að skjóta ágreiningsmálum til ráðherra. Hér á landi hagar málum þannig að vörumerkjaskrifstofan er hluti af Iðnaðarráðuneytinu. Ljóst má vera að iðnaðarráðherra á hverjum tíma mun ekki úrskurða persónulega í málum af þessu tagi. Í reynd munu því starfsmenn þeir í ráðuneytinu sem annast vörumerkjamál almennt jafnframt úrskurða í sérstökum kærumálum sem skotið yrði til ráðherra. Í málum er varða einkaleyfi og vörumerki er oft um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða. Því þykir rétt að tryggt verði sem ríkast réttaröryggi í stjórnslunni við meðferð þeirra mála.

Stjórnvaldskæra á úrskurði vörumerkjaskrárritara til iðnaðarráðherra er því óeðlilegt stjórnvaldsúrræði hér á landi, þar sem vörumerkjaskrárritari er jafnframt starfsmaður Iðnaðarráðuneytisins.

Málskot til ráðherra skv. gildandi ákvæðum hafa verið fátíð á undanförunum árum, þ. e. 1—2 á ári. Hugsanlega er skýringin á því sú að menn hafa ekki haft trú á kærúrræði þessu

og talið það óraunhæft. Því má búast við að kærumálum þessum fjölgi nokkuð verði frumvarp þetta að lögum. Ákvarðanir vörumerkjaskrárritara, sem ágreiningur hefur verið gerður um, hafa á undanförunum árum verið á bilinu 15—20 á ári.

Félag umboðsmanna eigenda vörumerkja og einkaleyfa hefur ítrekað óskað eftir breytingum á þessari tilhögun og hefur verið haft samráð við félagið við samningu frumvarps þessa.

Stjórnskipuð nefnd vinnur nú að heildarendurskoðun einkaleyfalaganna og mun nefnd þessi jafnframt taka vörumerkjälöggjöfina til athugunar. Búast má við að sú endurskoðun taki nokkurn tíma, þar sem hér er um tæknilega og lögfræðilega flókin málefni að ræða. Hin öra tækniþróun liðinna ára hefur kallað á ítarlegri lagaákvæði um einkaleyfi. Sömuleiðis hefur ör vöruþróun og aukin áherzla á auglýsingar og kynningar á vörum undir ákveðnu vörumerki aukið þýðingu laga um vörumerki og kallað á öflugri réttarframkvæmd á sviði vörumerkjamála.

Vörumerkjaréttur er með vissum undantekningum bundinn skráningu merkis. Vörumerkjaskrárritari annast skráningu vörumerkja. Þar sem verulegir fjármunir eru oft lagðir í að kynna vörur undir ákveðnu vörumerki eru nokkrir hagsmunir í húfi fyrir rétthafa vörumerkis að fá vörumerki skráð. Vörumerkjaskrárritari tekur skv. 19. gr. vörumerkjalaga ákvörðun um að synja um skráningu ef hann sjálfur (ex officio) telur merkið ekki hæft til skráningar. Auk þess tekur vörumerkjaskrárritari við andmælum gegn skráningu eftir birtingu vörumerkis skv. 22. gr. og tekur ákvörðun um synjun ef andmælin eru metin gild.

Frumvarpið felur í sér að ágreiningi skv. ofangreindu verði skotið til sérstakrar áfrýjunarnefndar og felld verði niður heimild til að skjóta máli til ráðherra, eins og að framan er lýst.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lagt til að synjun vörumerkjaskrárritara á skráningu skv. 19. gr. vörumerkjalaga megi skjóta til úrskurðar sérstakrar áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum. Heimild til að skjóta málum þessum til ráðherra er jafnframt felld niður.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar leiðir af breytingu skv. 1. gr.

Um 3. gr.

Lagt er til að 44. gr. vörumerkjagalaganna verði breytt á þann veg, að í stað málskots til ráðherra vegna ágreinings í vörumerkjámálum komi réttur til málskots til sérstakrar áfrýjunarnefndar. Ekki er breytt ákvæðum um rétt til að bera ágreining um vörumerkjámál undir dómstóla.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði skipun sérstakrar nefndar til úrskurðar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.